

## Yfirlýsing vegna þátttöku í Urriðavatnssundi 23. júlí 2022

Undirrituðum er ljóst að sundið er krefjandi og getur verið hættulegt þeim sem ekki eru við góða heilsu og eða í góðu formi og gerir sér jafnframt grein fyrir að það er á hans ábyrgð að hafa metið slíkt fyrir þátttöku sína í sundinu.

Undirrituðum hefur verið gerð grein fyrir því að skipuleggjendur og umsjónaraðilar sundsins er félagsskapur áhugamanna um sund í vötnum og að hjá þessum aðilum eru engar tryggingar til staðar.

Undirritaður þátttakandi í Urriðavatnssundinu 2022 staðfestir hér með að hann tekur þátt í sundinu á eigin ábyrgð og að hvorki hann né aðrir fyrir hans hönd munu gera kröfur á hendur þeim sem standa að skipulagi og framkvæmd sundsins vegna óhappa, slysa eða annars sem hann kann að verða fyrir í tengslum við sundið.

**ATHUGIÐ !** Þetta skjal skal sundmaður prenta út og afhenda skipuleggjendum sundsins það undirritað og skal það gert fyrir sundið, að jafnaði daginn fyrir sundið. Gegn því og að því tilskyldu að þátttökugjald hafi verið greitt, fær sundmaður skráningargögn sín fyrir sundið.

\_\_\_\_\_

Nafn með prentstöfum

\_\_\_\_\_

Kennitala

Fellum, 23.07. 2022

Undirskrift: \_\_\_\_\_

### Yfirlýsing forráðamanns sundmanns sem er yngri en 18 ára og $\geq 12$ ára (má synda 500 m sund):

Undirritaður lögráðamaður ofangreinds einstaklings óskar eftir og samþykkir að sundmaðurinn fái að taka þátt í Urriðavatnssundinu á grundvelli ofangreindra skilmála. Ég hef kynnt mér skilmálana og aðstæður sem eru við sundið og samþykki sérstaklega að sundmaður sé að taka þátt á sína áhættu og muni ekki gera kröfu á þá sem standa að skipulagi og framkvæmd sundsins vegna óhappa, slysa eða annars sem hann kann að verða fyrir í tengslum við sundið. Ég verð einnig viðstaddur sundið

\_\_\_\_\_

Nafn með prentstöfum

\_\_\_\_\_

Kennitala

Fellum, 23.07. 2022

Undirskrift: \_\_\_\_\_

Vottar að undirskrift sundmanns eru neðangreindir starfsmenn sundsins (fyllt út við afhendingu gagna);

Vottar að undirskrift forráðamanns

\_\_\_\_\_

nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

nafn og kennitala